Nr. 36.
30.
júlí.

# Lög

um

## laun háskólakennara.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Háskóli Íslands skiftist í 4 deildir: Guðfræðisdeild, lagadeild, læknadeild og heimspekisdeild.

Í guðfræðisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent.

Í lagadeildinni eru 3 prófessorar.

Í læknadeildinni eru 2 prófessorar og 6 aukakennarar. Aukakennarar eru: Hjeraðslæknirinn í Reykjavík, holdsveikralæknirinn, geðveikralæknirinn, efnafræðingur landsins, augnlæknir sá og tannlæknir, er styrks njóta úr landssjóði. Aukakennararnir eru skyldir til að kenna við háskólann með sömu kjörum og þeir kendu við læknaskólann. Auk nefndrar kenslu má ráða lækni til þess að veita tilsögn í lækningum á sjúkdómum í eyrum, nefi og hálsi, gegn 1000 kr. þóknun á ári.

Í heimspekisdeildinni eru 2 prófessorar og 1 dósent. Annar prófessorinn kennir heimspeki en hinn íslenzka málfræði og menningarsögu. Dósentinn kennir íslenzka sagnfræði að öðru leyti.

2. gr.

Prófessorarnir hafa 3000 kr. árslaun að byrjunarlaunum, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. á ári, upp í 4800 kr.

Dósentarnir hafa 2800 kr. árslaun.

Þeir kennarar, sem höfðu hærri laun meðan þeir höfðu á hendi kenslu við embættaskólana, skulu þó einskis í missa, en njóta hins vegar nýnefndrar launahækkunar með hækkandi embættisaldri.

Laun kennaranna greiðast úr landssjóði.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

om

## Lønninger for Universitetslærere.

Nr. 36.
30.
Juli.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, **de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,**

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Islands Universitet omfatter 4 Fakulteter: Det theologiske Fakultet, det juridiske Fakultet, det medicinske Fakultet og det filosofiske Fakultet.

Det theologiske Fakultet bestaar af 2 Professorer og 1 Docent.

Det juridiske Fakultet bestaar af 3 Professorer.

Det medicinske Fukaltet bestaar af 2 Professorer og 6 Ekstralærere. Ekstralærerne ere: Distriktslægen i Reykjavik, Spedalskhedslægen, Sindssygelægen, Landskemikeren, samt den Øjenlæge og den Tandlæge, som oppebærer Honorarer af Landskassen. Ekstralærerne ere pligtige til at undervise ved Universitetet paa de samme Vilkaar, som de har undervist ved Lægeskolen. Foruden den ommeldte Undervisning kan der antages en Læge til at meddele Undervisning i Behandlingen af Øre- Næse- og Halssygdomme imod et Honorar af 1,000 Kr. aarlig.

Det filosofiske Fakultet bestaar af 2 Professorer og 1 Docent. Den ene Professor meddeler Undervisning i Filosofi, den anden i islandsk Filologi og Kulturhistorie. Docenten underviser i islandsk Historie iøvrigt.

§ 2.

Professorerne lønnes med en aarlig Begyndelsesgage af 3,000 Kr., hvorhos der efter hver 3 Aars Forløb tilstaas dem et aarligt Lønningstillæg af 200 Kr., indtil 4,800 Kr.

Docenterne lønnes med 2,800 Kr. aarlig.

De Lærere, som oppebar en højere Lønning medens de varetog Undervisning ved Embedsskolerne, skulle dog ikke lide nogen Afkortning, men oppebære paa den anden Side efter voksende Anciennitet nysnævnte Lønningsforhøjelse.

Lærernes Lønning udredes af Landskassen.

Nr. 36.
30.
júlí.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar háskólinn tekur til starfa og eru þá jafnframt eftirfarandi ákvæði úr gildi numin: konungsúrskurður 21. maí 1847, um stofnun prestaskóla; lög nr. 5 frá 11. febr. 1876, um stofnun læknaskóla; lög nr. 31, frá 8. nóvember 1883, að undanteknu ákvæðinu um laun landlæknis í 1. gr.; 5. gr. laga nr. 23, frá 9. desember 1889; lög nr. 3, frá 4. marz 1904, um stofnun lagaskóla og lög nr. 37, frá 16. nóvember 1907, sbr. lög nr. 38 frá sama degi, þó að áskildu nánara ákveðnu aukaprófi fyrir menn, sem taka próf í lögum við Kaupmannahafnarháskóla eftir 1. október 1911. Loks eru þá ógild öll önnur ákvæði, er koma kunna í bága við hin nýju lög.

Eftir þessu eiga allir hinaðejgendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

§ 3.

Denne Lov træder i Kraft, naar Universitetet begynder sin Virksomhed, samtidig ophæves følgende Lovbestemmelser: Kgl. Res. 21. Maj 1847 angaaende Præsteskolens Oprettelse, Lov Nr. 5 af 11. Febr. 1876 om Oprettelsen af en Lægeskole i Reykjavik; Lov Nr. 31 af 8. Novbr. 1883, med Undtagelse af Bestemmelsen i § 1 om Landfysikus Lønning; § 5 i Lov Nr. 23 af 9. Decbr. 1889, Lov Nr. 3 af 4. Marts 1904 om Oprettelsen af en Lovskole i Island, samt Lov Nr. 37 af 16. Novbr. 1907, jfr. Lov Nr. 38 af s. D., dog med Forbehold af en nærmere bestemt Ekstraprøve for Kandidater, der afsolvere juridisk Embedseksamen ved Københavns Universitet efter 1. Oktober 1911. Endelig træde alle andre Lovbestemmelser, som maatte stride imod den nye Lov, ud af Kraft.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

---

**Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.**

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe,*
kst.